

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13/10 2022
Málsnr:	2210237
Bréfal:	320

Kæri viðtakandi

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar, mun veita fólki í brýnni neyð, aðstoð fyrir jólahátíðina. Því miður er það svo, að þörf fyrir samtök af þessum toga er nauðsynleg. Við segjum, því miður, vegna þess að best væri að allir hefðu nóg fyrir sig og sína. Þörf fyrir aðstoð okkar hefur aukist ár frá ári og við getum ekki alltaf komið til móts við alla þá sem við gjarnan vildum rétta hjálparhönd. Lífið tekur á sig ýmsar myndir. Til okkar leitar fólk sem getur átt við tímabundna erfiðleika að etja, aðrir hafa verið lengi veikir. Það geta verið öryrkjar, mæður, feður, foreldrar sem ná engan veginn að halda jólahátíð. Fólk á öllum aldri. Margir eru ákaflega stoltir og finnst leitt að þurfa að leita sér hjálpar. Það gerir oft sporin þung til okkar. Í Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar starfa fulltrúar frá kvenfélögum innan Hafnarfjarðar, sem heyra undir Bandalag hafnfirskra kvenna. Þetta er eingöngu sjálboðaliðastarf og það eru ófáir félagarnir sem hafa gefið af sér í þágu nefndarinnar. Merki bandalagsins er heilög Barbara.

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar er sjálfstætt starfandi og tengist á engan hátt, hvorki Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur né Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.

Við höfum undanfarin ár getað úthlutað inneignarkortum í matvöruverslanir, mismikið eftir þörfum hvers og eins. Einnig höfum við reynt að hafa litlar jólagjafir fyrir börn og unglinga. Stundum býðst nefndinni sælgæti eða aðrar vörur sem koma fjölskyldum vel. Það væri ánægjulegt ef okkur tækist á enn einni aðventunni að styðja þá meðbræður okkar hér í Hafnarfirði sem til okkar leita. Það getum við aðeins með hjálp allra þeirra frábæru fyrirtækja, félagasamtaka, einkaaðila, jafnvel skólabarna sem gleðja aðra með framlagi sínu.

Við þökkum öllum þeim sem hafa styrkt okkur í gegnum árin með von um árfrámhaldandi velvilja í okkar garð. Við gleðjumst yfir hverjum nýjum styrkveitanda. Hafið heilar þakkir og megið þið njóta komandi jólahátíðar.

Fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Ásta Eyjólfsdóttir, formaður, sími: 897 4043
Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir, gjaldkeri,

styrkur@maedrastyrksnefnd.is

www.maedrastyrksnefnd.is/ HYPERLINK "http://www.maedrastyrksnefnd.is/"e HYPERLINK "http://www.maedrastyrksnefnd.is/"fnd.is

Kennitala Mæðrastyrksnefndar er.
460577-0399
Reikningsnúmer í Íslandsbanka.
544-04-760686.
Reikningsnúmer í Landsbanka.
0140-15-381231.